

Kayakklúbburinn



Ársskýrsla 2010

Dagskrá aðalfundar

Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal 27. janúar 2011

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningsskil og árgjöld.
3. Tillögur frá stjórn og félagsmönnum.
4. Kjör stjórnar og endurskoðenda.
5. Önnur mál.

Skýrsla stjórnar 2010

Aðalfundur. Síðasti aðalfundur var haldinn 10. febrúar 2010. 25 manns voru mættir sem er orðin standard mæting á aðalfund. Þarna var hins vegar afar góðmennt og fjörlegar og góðar umræður fóru fram eftir að búið var að fara yfir ársskýrsluna sem má finna hér .

Mannabreytingar í stjórn voru þær að Halli Njáls og Sæpór voru sáttir við að hleypa nýju og fersku fólki að og Gísli Karls og Þóra Atladóttir komu inn í stað þeirra. Stjórn klúbbsins 2010 var því skipuð sem hér segir: Páll Gestsson formaður, Örlygur Steinn Sigurjónsson varaformaður, Gísli Karlsson gjaldkeri, Guðmundur Breiðdal ritari, Þóra Atladóttir, Lárus Guðmundsson.

Nefndir sem starfræktar voru á árinu og formenn þeirra voru: Keppnisnefnd (Rúnar Pálmason), Ritnefnd (Páll Gestsson), Ungliða- og fræðslunefnd (Ólafur B Einarsson), Húsnæðisnefnd (Þorsteinn Guðmundsson), Ferðanefnd (Gísli H Friðgeirsson) og Sundlauganefnd (Magnús Sigurjónsson).

Almennt um félagið. Í lok ársins voru félagar u.þ.b. 300 og voru nýskráningar 20.

220 stóðu í skilum á félagsgjöldum (þar af 26 á fjölskyldugjaldi) en 225 árið 2009.

Félgsmenn greiddu fyrir geymslu á 176 bátum en 161 árið 2009.

Skýrsla stjórnar er stutt eins og undanfarin ár en frekar vísað í skýrslur nefnda klúbbsins þar sem félagsstarfið á síðasta ári er reifað með ágætum.

Rekstrarreikningur ársins 2010

		2010	2009
Tekjur:	Skýr.		
Félagsgjöld		1,215,750	1,051,300
Geymslugjöld		1,232,000	1,124,000
Styrkir		250,000	300,000
Tekjur af námskeiðum		885,000	0
Aðrar tekjur	3	22,680	0
		<u>3,605,430</u>	<u>2,475,300</u>
Rekstrargjöld:			
Rekstrarkostnaður	4	1,249,647	699,496
Kostnaður af námskeiðum		1,254,406	0
Afskriftir		280,692	256,319
		<u>2,784,745</u>	<u>955,815</u>
Rekstrarhagnaður (tap) án fjármagnsliða		820,685	1,519,485
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur og verðbætur		97,108	246,771
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(34,905)	(64,588)
		<u>62,203</u>	<u>182,183</u>
Hagnaður(tap) ársins		<u>882,888</u>	<u>1,701,668</u>

Efnahagsreikningur ársins 2010

Eignir		Skýr.	2010	2009
Fastafjármunir:				
Gámar, kayakar ofl.	5	<u>2,526,232</u>	<u>2,306,871</u>	
		<u>2,526,232</u>	<u>2,306,871</u>	
Veltufjármunir:				
Vaxtareikningur		2,412,330	2,320,467	
Banki		<u>1,337,515</u>	<u>1,326,703</u>	
Veltufjármunir		<u>3,749,845</u>	<u>3,647,170</u>	
Eignir samtals		6,276,077	5,954,041	

Hinn 31. desember 2010

Skuldir og eigið fé		Skýr.	2010	2009
Eigið fé:				
Höfuðstóll			6,163,577	5,778,537
	Eigið fé		<u>6,163,577</u>	<u>5,778,537</u>
Skuldir:				
Skuldbinding v/lyklagjalds			112,500	112,500
Aðrar skuldir	6		0	63,004
	Skammtímaskuldir		<u>112,500</u>	<u>175,504</u>
	Skuldir samtals		<u>112,500</u>	<u>175,504</u>
Skuldir og eigið fé samtals			6,276,077	5,954,041

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, en ef um breytingar er að ræða er gert grein fyrir þeim hér á eftir.

2 Yfirlit yfir varanlega rekstrarfjármuni (Eignastaða 1/1 2004 og kaupverð eigna 2004-2010):

Rekstrarfjármunir 1/1 2004.....	1,282,097
Kaup 2004:	
Bátur.....	50,000
Eignfærsla v. Geldinganes.....	458,586
Kaup 2005:	
2 kajakar.....	110,000
Gámur.....	160,000
Kaup 2006:	
40 feta gámur.....	197,000
Kajak.....	174,001
Tjald.....	104,000
Bátur.....	20,000
Kaup 2007:	
Bátur.....	20,000
Bátur Capella með skeggi.....	49,926
Svuntur og vesti.....	72,072
Kaup 2008:	
40 feta gámur.....	180,000
20 feta gámur.....	323,660
Kaup 2009:	
Hitablási.....	18,819
Talstöðvar sjúkrakassi og ljós.....	33,560
Kaup 2010:	
Bátur Prion Kodiak.....	80,000
Bátur Surfski.....	398,901
Sjúkrakassi.....	21,152

Skýringar

	2010	2009
3 Aðrar tekjur		
Þátttökugjöld/keppnisgjöld	0	0
Lyklar	0	0
Húfur	22,680	0
	22,680	0
4 Rekstrarkostnaður		
a) Húsaleiga	240,000	150,000
b) Fundir og samkomur	63,146	68,119
c) Kostnaður v/ keppni	43,716	75,802
d) Auglýsingar	0	0
e) Stjórnunarkostnaður (sendikostn., prentun o.p.h.)	0	88,756
f) Geldinganes (viðhald og gjaldfærður búnaður)	158,177	0
g) Rekstur Geldinganes (hiti, rafmagn og aðgangskort)	199,734	221,594
h) Aðkeypt þjónusta	0	41,107
i) SPOT áskrift	21,971	0
j) Fréttabréf	127,521	0
k) Heimasíða (tengikostnaður og kostnaður v/ léns)	16,296	7,918
l) Siglingasamband Íslands	0	19,200
m) Ýmsir gripir (Húfur)	142,756	27,000
n) Viðhald búnaðar (bátar, sjúkrakassi, tjald)	105,878	0
o) Bikarkaup	130,452	0
	1,249,647	699,496
5 Fastafjármunir		
Eignir 1/1	2,306,871	2,187,725
Nýr búnaður á árinu	500,053	52,379
Eignfært í aðstöðu á Geldinganesinu	0	323,086
Afskriftir 10%	(280,692)	(256,319)
	2,526,232	2,306,871
6 Skuldir		
Guðmundur v./ritföng	0	1,680
Guðmundur v./2003	0	10,501
Guðmundur v./2008	0	18,480
Guðmundur v./2009	0	32,343
	0	63,004

Skýringar á rekstrarkostnaði

- a) Húsaleiga Nauthólsvík. Bátar og aðstaða
- b) Friðarljósróður 3.150, leiga vegna lokahófs 40.000, kaffi og ýmis í róðra og geldinganes 23.146
- c) Veitingar og blóm í keppnum á vegum klúbbsins
- d)
- e)
- f) Málning 113.461, mottur og annað viðhald
- g) Orkuveitan 160.554, Síminn 39.180
- h)
- i) SPOT áskrift
- j) Prentun 105.546, drefing 21.975
- k) Vefhýsing 8.314, Lén árgjald 7.982
- l)
- m) Derhúfur með merki klúbbsins
- n) Yfirhaldning klúbbsbáta 84.726, sjúkrakassi, 21.152
- o) Nýjir bikarara vegna Reykjavíkur maraþon og Íslandsmeistara

Kjör stjórnar og endurskoðanda

Tillaga fráfarandi stjórnar

Formaður	Páll Gestsson
Varaformaður	Örlygur Steinn Sigurjónsson
Gjaldkeri	Gísli Karlsson
Ritari	Guðmundur Breiðdal
Meðstjórnendur	Póra Atladóttir Lárus Guðmundsson
Endurskoðandi	Ragnar Bogason

Skýrsla húsnæðisnefndar 2010

Stjórn Kayakklúbbsins valdi eftirfarandi meðlimi í Húsnæðisnefnd 2010:

Þorsteinn Guðmundsson, kayak@islandia.is

Jóhann Ragnar Kjartansson, joignina@islandia.is

Páll Gestsson, pall.gestsson@gmail.com

Gunnar Ingi Gunnarsson, gunnar.ingi@mosverjar.is

Ágúst Ingi Sigurðsson, ingisig@gmail.com

Eymundur Ingimundarson, eyymi@islandia.is

Vilhjálmur Grímsson, villigrims@simnet.is

Hlutverk nefndarinnar er að reka fasteignir og aðra aðstöðu Kayakklúbbsins og vinna í þeim málum er tengjast framtíðar aðstöðu klúbbsins. Þorsteinn er formaður nefndarinnar.

Klúbburinn hefur aðstöðu á þrem stöðum í bænum; Geldinganesi, Nauthólsvík og Sundlaugunum í Laugardal. Í Laugardalnum erum við með geymslu á tveim stöðum við sundlaugarnar; í kjallara innilaugarinnar eru geymdir bátar klúbbsins sem við notum við æfingar og kennslu í laugunum og svo höfum við geymslu fyrir almenna félagsmenn í gamla kjallaranum undir stúkunni, þessa aðstöðu fáum við án endurgjalds.

Í Nauthólsvíkinni leigjum við enn af Siglingaklúbbnum Brokey og er þar pláss fyrir 51 bát.

Á Geldinganesinu rekum við gámabyggð sem er í eigu klúbbsins, er sú aðstað nánast full frágengin og komin í “endanlega” stærð? Auk aðstöðu klúbbsins eru þarna pláss fyrir 140 báta í geymslu fyrir félagsmenn. Bátageymslurnar þar eru nú fullar og stendur til að bæta við einum gám með vorinu og bætast þá við 20 pláss. Á síðasta ári voru gámarnir málaðir í gráum lit og er mikil prýði af því, og ýmist minna viðhald.

Á síðasta ári mjakaðist ögn áfram í framtíðar aðstöðumálum klúbbsins. Sótt var um breytingu á deiliskipulagi á eiðinu, erum tvisvar búnir að sitja á fundi með skipulags- og byggingasviði borgarinnar. Þar var rædd sú hugmynd þeirra skipulagsmanna að skipta aðstöðunni upp; þ.e. félags- og sturtuadstaða yrði uppá klettinum en geymslur og þessháttar niðri á eiðinu, við kayakmenn lýstum efasemdum okkar með það, viljum við að öll aðstaðan veri á sama stað niðri á eiðinu. Á haustdögum var samþykkt í Skipulags- og byggingarsviði Borgarinnar að vinna verkið áfram samkvæmt tillögu skipulagsstjóra;

Til að koma megi fyrir aðstöðu fyrir Kayakklúbbinn á umræddum stað er lagt til að unnin verði forsögn að deiliskipulagi fyrir svæðið sem nær yfir strandlengjuna frá Blikastaðakró að eiðinu yfir Geldinganes sem er ein skipulagsleg heild. Við gerð deiliskipulagsins verða boðaðir hagsmunaaðilar sem munu koma að vinnunni eins og t.d. Kayakklúbburinn, Umhverfis- og samgöngusvið, Vegagerðin, Orkuveita Reykjavíkur, Íbúsamtök Grafarvogs o.fl. Taka skal þó fram að þó tekið sé jákvætt í að hefja vinnu við

gerð forsagnar og síðan deiliskipulags þá fylgja því engar skuldbindingar né loforð um framkvæmdir, tímasetningar og/eða fjármögnun af hendi borgarinnar.

Eigum við von á að vinna við þetta skipulag haldi áfram fljótlega og í framhaldi af því verði lóð undir aðstöðuna okkar samþykkt og byggingaframkvæmdir hafist.

Þorsteinn Guðmundsson

Skýrsla sundlaugarnefndar Kayakklúbbsins 2010

Hlutverk sundlaugarnefndar;

Setur upp æfingatöflu í samráði við stjórn, sér til að manna námskeið, félags- og nýliðaæfingar þó skal ávalt einn úr nefndinni mæta á félags- og nýliðaæfingar enda hafa þeir einir lykil að lauginni til að opna og ganga frá og læsa eftir æfingar. Sjá til þess að vel sé gengið um kjallarann og þann búnað sem þar er. Skila skýrslu til sundlaugastjóra fyrir 5. hvers mánaðar og sjá til þess að hún sé rétt útfyllt.

Nefndin skili skýrslu til stjórnar fyrir aðalfund þar sem kemur fram fjöldi æfinga og þátttaka.

Nefndarmenn 2010 voru

Magnús Sigurjónsson

Haraldur Njálsson

Örlygur

Hörður

Sveinn Axel

Störf nefndarinnar voru samkvæmt venju að halda æfingar í sundlaugunum í Laugardal, Æfingarnar þetta árið urðu 24 talsins og þar mættu 554 eða að meðaltali 24 á hverja æfingu.

Talsverð nýliðun hefur orðið á æfingum og er það gott mál .

6 námskeið voru haldin á vegum nefndarinnar og sóttu þau um 30 mans.

Aflýsa þurfti 3 námskeiðum þar sem engin þátttaka var , vonandi fer þetta uppávið

Á þessu ári en við höfum verið að kenna hátt í 100 mans á ári undanfarin ár.

Varðandi lyklamál þá fáum við ekki lykla aftur en okkur er velkomið að hringja í afgreiðsluna og það verður opnað fyrir okkur , þetta er vegna þess að sett hefur verið nýtt lyklakerfi í húsið og það á að reyna að hafa betri stjórn á lyklamálunum,

Sundlaugarnefndin hefur þó sinn lykil.

Við þökkum fyrir þáttökuna á árinu og vonumst til að sjá sem flesta í lauginni á þessu ári
Við viljum hvetja menn til að nota vel þessar æfingar því þetta er ómetanleg reynsla þegar
einhvað gerist við alvöru aðstæður, þá er of seint að æfa sig.

Fyrir hönd sundlaugarnefndar
Magnús Sigurjónsson

Skýrsla keppnisnefndar 2010

STRAUMKAYAK

Elliðaárródeóið

Mjög góð þátttaka og fínasta stemning var í Elliðaárródeóinu. Til leiks mættu 14 keppendur.
Þorsteinn Guðmundsson sá um að dómgæslan var óumdeild.

Tungufljótskappróðurinn

15 tóku þátt í Tungufljótskappróðrinum. Tungufljótskappróðurinn hefur öðlast sinn fyrri sess og
það rækilega undir öruggri stjórn Guðmundar Jóns Björgvinssonar. Hann sá um kappróðurinn
annað árið í röð og er honum sérstaklega þökkuð góð störf.

Haustródeóið

Haustródeóið laðaði aðeins að sér þrjá keppendur. Á móti kemur að tveir af þessum þremur
börðust heiftarlega um sigur í karlaflokki enda voru þeir nánast jafnir að stigum í
Íslandsmeistarakeppninni þegar að Haustródeóinu kom.

Gera má ráð fyrir að hluti skýringarinnar á slakri þátttöku í Haustródeói hafi verið að sá að
straumvatnsmenn eru margir við nám eða störf í útlöndum og voru farnir ytra þegar loks kom að
ródeóinu. Þátttaka árið 2009 var litlu betri, þ.e. fimm keppendur.

Keppnisnefnd hefur til skoðunar að flýta Haustródeóinu um a.m.k. eina helgi, jafnvel tvær. Hið
sama á við um Hvammsvíkurmaraðon.

Íslandsmeistari í karlaflokki varð Ragnar Karl Gústafsson, í 2. sæti varð Haraldur Njálsson. Anup
Gurung og Jón Heiðar Andrésson voru jafnir í 3.-4. sæti.
Ragna Þórunn Ragnarsdóttir varð Íslandsmeistari í kvennaflokki.

SJÓKAYAK

Reykjavíkurbíkar

Reykjavíkurbíkarinn og Vorhátíðin gengu aldeilis blessunarlega vel. 15 sjófuglar tóku þátt, þar af fjórir í 3 km róðri. Í ljósi þess að strembið BCU-prógramm kláraðist daginn fyrir keppni (og BCU-stjórnurnar voða þreyttar) er ekki hægt að vera annað en ánægður með þátttökuna. Landhelgisgæsluþyrla tók þátt í björgunaræfingu sem heppnaðist prýðilega.

Sprettróður og veltukeppni

Kayakklúbburinn Kaj hélt að venju sprettróður og veltukeppni í tengslum við Sjókayakmót Egils rauða. Sautján tóku þátt í sprettróðrinum, þar af sex í unglingkeppni. Sjö tóku þátt í veltukeppninni.

10 km róður á Flateyri

Níu manns tóku þátt í 10 km róðri á Flateyri sem er í umsjón Sæfara á Ísafirði. Ísfirðingar hafa í hyggju að færa keppnina til og halda hana í tengslum við Vorhitting í Reykjanesi. Gera má ráð fyrir að þessi breyting leiði til þess að keppendum fjölgi, bæði í karla- og kvennaflokki, því Vorhittingurinn er jafnan vel sóttur. Hugsanlega mun keppnin taka fleiri breytingum.

Hvammsvíkurmaráðuneytið

Aðeins tveir keppendur luku keppni í Hvammsvíkurmaráðuneytinu eftir að einum hvolfdi í Laxárvogi. Þá hætti einn keppandi við á ráspól þar sem honum leist ekki á veðuútlitið. Veður á keppnisdag var slæmt en veðurhæðin var af mótshaldara og formanni keppnisnefndar talin innan marka. Enginn sá þegar ræðaranum hvolfdi í Laxárvogi og ekki sást heldur til neyðarblyss sem hann tendraði. Hann gat á hinn bóginn hringt í mótshaldara (Pétur Gíslason) sem kom skilaboðum til gæslubáts á vegum Björgunarsveitarinnar Kjalar. Atvikið í Laxárvogi var rækilega rætt á korkinum og af atvikinu og umræðunum hefur keppnisnefnd dregið mikinn lærdóm. Öryggisreglum í maráðuneytinu verður breytt í kjölfarið. Líklega eiga sumar af þessum reglum einnig við um aðrar sjókayakkeppnir.

Bessastaðabíkar

Keppnin, sem haldin er af Sviða á Álftanesi, féll niður

Íslandsmeistari í karlaflokki varð Hilmar Erlingsson og í kvennaflokki varð Heiða Jónsdóttir
Íslandsmeistari.

Drög að breytingum á öryggisreglum fyrir Hvammsvíkurmaraðon:

1. Keppendur séu með tvö neyðarblys.
2. Keppendur séu með farsíma í vatnsheldu hulstri sem er tryggilega fest við þá.
3. Keppendur séu með símanúmer hjá mótshaldara eða öðrum tengilið í flýtiminni farsíma þannig að þeir geti hringt í hann án fyrirhafnar og óskað eftir aðstoð.
4. Sé mikill vindur á keppnisdag getur mótshaldari mælt fyrir um að keppendur festi öryggislínu við bát sinn þannig að hann reki ekki í burtu ef keppandi hvolfir.
5. Ítrekað sé fyrir keppendum að þrátt fyrir öryggisráðstafanir, gæslu og fylgdarbat eru þeir á eigin ábyrgð í keppninni.

Rætt var um að skoða mætti þann möguleika að keppendur þyrftu að skila sér á ákveðnum lágmarkstíma í hvert kaffistopp, t.d. á 1:50 í fyrsta stopp á Kjalarnesi. Nái þeir því ekki eru þeir úr leik. Slík regla myndi m.a. draga úr bili á milli keppenda en gæti á hinn bóginn fælt einhverja keppendur frá því að taka þátt. Einhver tímatakmörk koma þó til greina.

Keppnisnefnd stefnir að því að útvega keppnisvesti í neon-litum til að keppendur sjáist betur.

Þá var á korkinum nefnt að hafa þyrfti menn á útkíkki með sjónauka á fyrirfram ákveðnum stöðum sem myndu fylgjast með keppendum þetta þarf að útfæra nánar og einhvern mannskap þarf til að sjá um slíkt.

Keppendum í maraþoninu hefur heldur fækkað undanfarin ár. Gott væri að fá hugmyndir um hvernig mætti fjölga þeim á nýjan leik. Ein hugmynd sem keppnisnefnd er með til skoðunar er að þeir sem hyggjast keppa í einstaklingskeppni geti einnig skráð sig í liðakeppni. Með þessu móti er auðveldara að mynda lið og þeir ræðarar sem eru minna reyndir geta þá sleppt því að róa erfiðustu leggina. (Í liðakeppni skipta keppendur með sér þremur leggjum.)

Tegundir og búnaður sjókayaka

Á árinu 2010 spannst nokkur umræða um hvort svonefnd brimskíði væru lögleg í sjókayakkeppnum. Brimskíðin uppfylla ekki keppnisreglur eins og þau koma frá framleiðanda. Á þeim eru t.d. ekki dekklinur sem nýtast við björgunarstörf á sjó, s.s. við félagabjörgun en gerð er krafa um dekklinur í keppnisreglum klúbbsins. Einnig er gerð krafa um handfang bæði framan og aftan. Þá er í keppnisreglum gerð krafa um að keppendur séu með svuntu. Á brimskíðum er á hinn bóginn ekki gert ráð fyrir svuntu og hún yrði ræðara eingöngu til trafala. Það bíður keppnisnefndar að taka ákvörðun um álitamál sem tengjast brimskíðum í keppni.

Burtséð frá gerð og búnaði brimskíða verður að hafa í huga að fremur fáir leggja stund á

sjókayakkeppnir hér á landi og því rík ástæða til að sýna sveigjanleika gagnvart þeim sem vilja keppa á nýjum gerðum báta. Heyrst hafa sjónarmið um að með tilkomu sérhannaðra keppnisbáta og nú brimskíða minnki áhugi þeirra sem róa “venjulegum” ferðabátum á að spreyta sig, enda eigi þeir lítinn séns nema veðrið sé þeim mun verr. Bent hefur verið á að þennan vanda mætti leysa, a.m.k. að hluta, með því að skipta bátum í flokka. Svipuð sjónarmið heyrðust raunar einnig þegar trefjaplastbátar urðu algengari og þá var um stund keppt í flokki trefjaplastbáta og plastbáta en sú skipting var fljótlega aflögð.

Skipting í bátaflokka flækir starf keppnisnefndar töluvert, m.a. vegna þess að sumar bátategundir er erfitt að skilgreina. Á það ekki síst við um Kirton Inuk sem bæði er notaður sem ferða- og keppnisbátur. Rapier-bátar og Ocean X eru hins vegar, að flestra mati, hreinræktaðir keppnisbátar. Þá er ósvarað þeirri spurningu hvort keppnisbátar ættu heima í flokki með brimskíðum? Einfaldasta skiptingin, sem er þó ekki eins einföld og margir hyggja, væri skipting í keppnisbáta (þ.m.t. brimskíði) annars vegar og ferðabáta hins vegar.

Þar að auki er óljóst hvern ætti að krýna Íslandsmeistara, þann sem vinnur keppni í flokki ferðabáta eða keppnisbáta? Varla kemur til greina að krýna fjóra Íslandsmeistara í sjókayakróðri, þ.e. tvo í karlaflokki og tvo í kvennaflokki? Fjöldinn í keppnum er ekki slíkur að hann standi undir svo mörgum Íslandsmeistaratitlum.

Keppnisnefnd þarf að fara yfir þessi mál.

Úr keppnisreglum Kayakklúbbsins:

Skilgreining á sjókayak er eftirfarandi: Tvö skilrúm og vatnsheld hólf beggja megin mannops og lúgur á þeim báðum. Dekklínur bæði framan og aftan við mannop og handföng fyrir fólk í sjó að halda í bæði að framan og aftan. Lengd, breidd og þyngd skiptir ekki máli.

Rúnar Pálmason

Skýrsla ungliðanefndar fyrir árið 2010

Það má segja að öll verkefni ársins hafi verið tilfallandi í Nauthólsvík þar sem þeir sem vildu prófa róður fengu það. Yfir sumarið er mikið líf í Nauthólsvík, bæði er mikið af fólki sem sækir ylströndina og siglinganámskeið hjá Brokey og Siglunesi. Seinnipart dags á góðvirðisdögum var því töluvert um fólk sem var að synda í sjónum sem fékk að prófa að sigla hjá undirrituðum. Þá barst það í tal við Brokeyjarmenn að krakkarnir á þeirra vegum fengju að prófa að sigla kayak en sama vandamálið var alltaf til staðar, það vantar búnað. Nú hefur einn bátur bæst í flota klúbbsins og er hann mjög vel hannaður til slíks starfs. En betur má ef duga skal og mælist ég til þess að keyptir verði fleiri bátar ásamt tilheyrandi búnaði. Þannig gæti klúbburinn fleytt þeim af stað sem sýna einhvern áhuga án þess að allir þyrftu að leggjast í mikil útgjöld.

Ólafur B Einarsson

Skýrsla ritnefndar Kayakklúbbsins um árið 2010.

Hlutverk nefndarinnar er að halda úti heimasíðu klúbbsins og gefa út fréttabréf um starfsemi hans.

Ritnefnd 2010

Páll Gestsson, formaður

Rúnar Pálmason

Ágúst Jónsson

Dagrún Árnadóttir

Sveinbjörg Jónsdóttir

Fréttabréf ársins 2010 var með minna móti, einungis 4 blaðsíður. Þar voru tíundaðir helstu viðburðir sumarsins, bæði í keppnum og ferðum klúbbsins. Meiningin var að þessi einblöðungur gæti verið tiltækur hjá félagsmönnum allt sumarið til þess að fylgjast með næsta atburði hjá klúbbum hverju sinni. Að auki var öryggisstefna félagsróðra kynnt til sögunnar, en mikil áhersla hefur verið á öryggismál hjá klúbbum undanfarin ár.

Heimasíðan hefur gengið vel og verið lifandi. Mest lífið er á korkinum og fréttasíðunni og einnig nokkuð að gerast á sölusíðunni

Páll Gestsson

Skýrsla ferðanefndar Kayakklúbbsins um árið 2010.

Nefndarmenn og störf nefndar.

Í nefndinni voru Andri Þór Arnbjörnsson, Gísli H. Friðgeirsson, Guðmundur Jón Björgvinsson, Gunnar Ingi Gunnarsson, Heiða Jónsdóttir, Reynir Tómas Geirsson, Sveinn Axel Sveinsson og Þóra Atladóttir og sinnti Gísli formennsku.

Ferðanefnd hélt fundi í mars mars hjá formanni. Önnur vinna eins og skýrsla fyrir árið 2009 og úrvinnsla funda var gerð í heimavinnu og með samskiptum í tölvupósti. Búið var að vinna eftir nýrri öryggisstefnu í eitt ár og nú var bætt við mati fyrir erfiðleikastig ferða til að gefa vísbendingu fyrir þátttakendur.

Dagar voru valdir fyrir ferðir á tímabilinu frá byrjun maí til loka ágúst, með hliðsjón af fyrirhuguðum keppnum og öðrum viðburðum og nefndarmenn skiptu með sér umsjón og fararstjórn. Ferðirnar voru fjölbreyttar og tókust vel. Hætta þurfti við ferðina á Langasjó vegna veðurs en farnar voru þrjár ferðir í straumár, ein á Hestvatn fyrir sjókayak, sex á sjó, þar af 3 dagsferðir, ein 2ja daga og ein 3ja daga ferð.

Farnar voru níu ferðir og þátttaka í hópferðum sumarsins 2010 var góð.

Öryggisstefnan, erfiðleikastig og lánsbúnaður.

Farið var eftir reglum **öryggisstefnunnar**, sem sjá má á vefsíðu Kayakklúbbsins, annað árið í röð. Hún hefur gefist vel og má tilfæra hér ummæli Sveins Axels eftir Breiðafjaraðarferðina: „*Það kom vel í ljós í þessum róðri hvað, öryggisstefnan okkar virkar vel, og hve talstöðvarnar eru mikilvæg tæki, þegar stór hópur ræðara ferðast saman. Til að róðrarstjórn virki vel, þarf góðan hóp af vönum ræðurum, sem halda utan um hópinn.*“

Ferðir sumarsins voru settar í **erfiðleikastig** 1, 2 og 3 en erfiðast telst vera 4 stig eins og sjá má á vefsíðu klúbbsins. Það er nokkuð erfitt að setja þetta mat á ferðir löngu áður en hægt er að spá um veður og sjólag. Ferðanefnd telur flokkunina eigi að síður vera góða til leiðsagnar fyrir þá sem eru að velja sér ferðir og fyrir fararstjóra þegar breyta þarf áætlun vegna aðstæðna. Flokkunin er hins vegar ekki notuð til að hafna einhverjum vegna lítillar færni, en fremur til að vera leiðbeinandi.

Góður búnaður sem hentar hverjum ræðara er forsenda þátttöku án vandræða og það þarf oftast að prófa sjálfur hvernig bátur, ár, vesti og hlífðarföt henta hverjum og einum. Þess vegna m.a. er sá takmarkaði **lánsbúnaður** sem klúbburinn hefur í aðstöðunni við Geldinganes fyrst og fremst ætlaður til útláns í stuttar ferðir á því svæði, svo sem í vikulega félagsróðra.

Ferðir sumarsins 2010.

8. maí – Hringróður um Hestvatn.



Umsjón Sveinn Axel Sveinsson

Við mættum kl. 10:00 að Hestvatni við bæinn Vatnsnes og vorum komin á flot hálf tíma síðar. Veðurspáin gekk ekki eftir og vorum með vind í fangið meira og minna allan róðurinn.

Við hófum róðurinn frá austur endanum við Vatnsnes í vestanstæðum vindi og rérum með suðurströnd vatnsins. Þegar í vesturendann var komið í svonefnda Kamba tókum við hádegishlé. Þegar við fórum aftur á flot, þá hafði vindátt breyst í NA sumum til ama og fengum því áfram mótvind. Þau sem tóku þátt í þessum fyrsta róðri sumarsins voru:



Sveinn Axel, Hildur, Gísli Karls, Gunnar Ingi, Sigrún, Gísli H F, Guðrún, Einar, Kristján, Össi og Þorbergur. Heildar róðarlengd reyndist vera 13,8 km.

29. maí – Hvítá fyrir byrjendur.



Umsjón Guðmundur Jón Björgvinsson

Mæting klukkan var 9:00 við austurenda stúkunar við Laugardalslaug.

Ferðin heppnaðist alveg einstaklega vel og mættu 12 manns í bland af vönum og óvönum ræðurum. Þrír kvenmenn mættu sem gerði þetta enn skemmtilegra fyrir okkur strákana og gáfu þær hörðustu nöglunum ekkert eftir. Einhvað fór lítið fyrir sundferðum en þó litu tvö sund dagsins ljós sem er bara gott og



hressandi. Fjórir sjómenn mættu og skildist mér á þeim að þeir hefðu bara haft mjög gaman af og nefndi Gísli H. Friðgeirsson það, að það væri ýmsu öfugt farið í straumvatninu miðað við róður á sjó.

Við sem sáum um ferðina sjáum ekki eftir því að hafa hert þau viðmið sem gerð eru til þáttakenda, því það hafði einungis þau áhrif að við gátum sinnt þeim óvönu mun betur og gefið þeim betri leiðsögn. Þannig að á næsta ári verða sömu viðmið viðhöfð ef við fáum að ráða.

Húsráðendur á Drumbó tóku okkur vel að venju og eiga þeir heiður skilið fyrir frábærar móttökur á hverju ári undanfarin ár ef ekki áratugi.

Þeir sem misstu af ferðinni verða bara að reyna að koma aftur á næsta ári eða setja sig í samband við straumræðara hér á korknum, því það er alltaf hægt að plata einhvern okkar í Hvítá í góðum fíling.

12. júní – suður með sjó



Umsjón Andri Þór Arinbjörnsson

Þann 12. júní 2010 var róið frá Vogum á Vatnsleysuströnd í Keflavík en árið áður var róið frá Kúagerði að Vogum. Sjö vaskir ræðarar tóku þátt í þessari ferð þrátt fyrir að veðrið reyndist verra en vonast var til. Þeir sem tóku þátt voru Andri, Gísli HF, Lárus, Ólafía, Þorbergur, Magnús S M og Perla. Sú leið sem var róið er u.þ.b. 13 km löng og var ferðin flokkuð sem tveggja ára ferð eftir nýrri erfiðleikastigsflokkun Kayakklúbbsins. Eftir stuttan róður var tekið land á skeljasandsfjöru í Vogavík og hópurinn skoðaði gamlar hústóftir. Þaðan lá leiðin undir Vogastapa og skoðaði hópurinn hella og fuglalíf í rólegheitum. Þegar komið var í Innri-Njarðvík naut ekki lengur skjóls af Vogastapa og aðstæður urðu erfiðari fyrir vikið. Kaffistopp var tekið fyrir innan brimvarnargarðana á Fitjum og síðan haldið af stað til Keflavíkur. Vindur og alda héldu ræðurum við efnið það sem eftir var og síðasta spölinn voru tveir bátar í togi. Eftir hæfilega mikið ævintýri var tekið land við smábátahöfnina í Keflavík.



Í ferðinni kom upp atvik þar sem þurfti að beita félagabjörgun en sá sem fékk aðstoð hafði lært aðra tegund af félagabjörgun en þá sem var notuð. Þetta tafði fyrir björgun og gerði hana

óþarflega erfiða. Þarna mætti hugsanlega skerpa á öryggismálum fyrir hópferðir, t.d. með því að tryggja með sýnikennslu við upphaf ferða að allir þátttakendur séu kunnugir a.m.k. einni og sömu aðferðinni við félagabjörgun.

24. júní – Jónsmessuróður.



Umsjón Gunnar Ingi Gunnarsson

Fastur liður í róðrum kayakklúbbsins er næturróður um Jónsmessu og hefð kominn á róður í Hvalfirði. Þetta árið var planið að fara frá Hvammsvík og í hina fornu höfn Maríuhöfn í Laxárvogi og enda síðan róðurinn á Hvalfjarðareyri. En vegna óhagsstæðs vindar var ferðatilhögun breytt á staðnum og farið inn að Miðsandi í Hvalfjarðabotni og róðið þaðan.

Rérum við þvert yfir að Þyrilsnesi með viðkomu við Geirshólma og sveigt fyrir Geirstangann og inn Botnsvoginn. Tekið var land við Harðarhæð á Þyrilsnesi og drukkíð Jónsmessumiðnæturkaffi í námunda við æðarvarp. Þar fengum við heimsókn frá dúntekjumanni í söfnunarferð sem gerði athugasemd við ferð okkar við í æðarvarpið um hábjargræðistímann.



Skammt utan við ströndina lá skúta með franska skipverja sem við heilsuðum upp á.

Þarna snerum við til baka. Þá var vindur farinn að blása og nokkur alda sem veitti okkur þægilegt lens yfir á Hvalfjarðaströndina. Stefna var tekin á skerið Stóraklakk og róðrinum lauk síðan í fjörunni innan við bryggjuna á Miðsandi.

26 ræðarar mættu í þennan róður. Boðið var upp á að ferja búnað frá Geldingarnesi og auk þess voru bátar klúbbsins vel nýtir.

9.-11. júlí – Snæfellsnes, Arnarstapi.



Umsjón Gísli H. Friðgeirsson

Flestir komu í tjaldstæðið við Langaholt í Staðarsveit á föstudagskvöld og snæddu úti í veðurbliðunni. Veðrið var sól og blíða, nema við Lóndranga hvessti og varð mótvindur á bilinu 7-10 m/s. Þá reyndist það vel að hafa metið ferðina sem þriggja ára ferð og allir stóðu sig vel.

Á laugardagsmorgni var sjósett í falletgri sandfjöru austan við kirkjuna að Búðum um kl. 10 og róið út að Grunnaskeri og síðan Djúpaskeri. Sjór var stilltur en þó svolítill undiralda við sker og fjöru eins og oftast er. Við rerum síðan með bjarginu við Búðahraun og tókum matarhlé þar sem hraunið mætir sandströndinni við Hraunlandaríf í Breiðavíkinni. Þeir sem vildu skemmtu sér við að róa þar sem aldan reis skammt frá ströndinni en sandfjaran þarna er um 5 km löng. Næst var farið upp í Grafarós og sumir fóru undir fossinn þar. Dagurinn endaði í falletgri höfninni við Arnarstapa.



Næsta morgun var haldið áfram frá Arnarstapa að Hellnum og síðan fram hjá Lóndröngum að vitanum við Malarrif, þar sem við vorum sótt. Þetta er heillandi leið, einstakar klettamyndanir og ríkt fuglalíf og svo margt að skoða að meðalhraðinn að Hellnum var líklega um 1 km/klst. Lending við innan við Malarrifseyjar er erfið nema undiralda sé lítil en það gekk vel í þetta sinn.

Róið var 21 km fyrri daginn og 14 km þann síðari. Þeir sem reru voru: Gísli H.F., Sveinn Axel, Hildur, Hörður, Páll R., Ólafía, Gunnar Ingi, Rúnar, Þóra, og Tryggvi.

17. júlí – Straumfjörður, Knarrarnes.



Umsjón Reynir Tómas Geirsson

Kayakróðaraferðin frá Straumfirði á Mýrum sem ætlað var að fara í laugardaginn 17 júlí frestaðist um einn dag vegna óhagstæðs veðurs. Við mættum 15 kayakræðarar að morgni

sunnudagsins 18. júlí í Straumfjörðinn. Veður var eins og best verður kosið. Farið var frá fjörunni í Straumfirði, vestur fyrir Digranesið að Skáley og norður með eyja og skerjaklasanum milli Knarrarness og Niðurness í skemmtilegum róðri að Hjørsey. Og sjálfur Jökullinn var fyrir stafni – ekki amalegt útsýni.



Tekið var kaffistopp og hvíld í falletgri hvíttri sandfjöru í Hjørsey, þriðju stærstu eyju við Ísland (5.5 km²) með mikið útræði og talsverða byggð fyrr á öldum. Síðan var róið umhverfis Hjørseyna, þar sem sjá mátti minjar um sjóslys á þessum skerjamiklu slóðum fyrir opnu úthafinu (hlutar úr þýskum gufutogara sem strandaði rétt eftir aldamótin 1900). Næsta stopp var í falletgri sand- og klettavík syðst á Hjørsey. Bakaleiðin lá framhjá Elliðaey og norður fyrir Skáley, en þar fór að grynna mjög undir kili og það fjaraði hratt. Róðurinn milli Digranessins og Skáleyjar var tafsamur vegna þessara óvæntu grynninga stórstraumsfjörunnar, en samt gekk vel í land á ný eftir 22,5 km róður.

24.-25. júlí – Skagafjörður, Kayakdagar.



Umsjón Guðmundur Jón Björgvinsson

Fólk mætti á Bakkaflöt á föstudeginum og gisti þar á tjaldstæðinu yfir helgina í góðu yfirlæti þar sem í boðu var eldunaraðstaða, gasgrill, lítill sundlaug, heitir pottar og bar. Einhverjir réru Austari Jökulsá og hinir réru Vestari Jökulsá. Síðan var grillað og átt saman góðar stundir við grillið um kvöldið.

Ágætis mæting var og stjórnaði Haraldur Njálsson gleðini með stakri þýði.



6.-8. ágúst – Breiðafjarðarferðin



Umsjón Reynir Tómas Geirsson

Sem fyrr var þetta ein fjölmennasta ferð sumarsins. Einir sex félagar voru komnir kvöldið áður og reru umhverfis Innri-Langey daginn áður. Við lögðum upp 28 saman rétt nálægt háflóði í Kvennhólsvogi, í rigningu sem entist okkur með hléum og smá stoppi (þar sem sennilega heitir Höfn yzt á Dagverðarnesi), komumst svo í Purkey eftir um 2 klst róður. Þar var að fjara út og við urðum að vaða upp ál, slarka gegnum slatta af drullu og komum upp að ruslahaug Purkeyinga. Í rigningu og blautu kafagrasi var aðkoman ekki mjög aðlaðandi, en þreyttur hópurinn lét sig hafa það og tjaldaði, sumir á þúfum (færðu sig næsta dag), en



aðrir sváfu vel með mjúkt grasið undir rass. Rigning sem næstum var með slagveðurssniði hélst næstum til morguns, en þá vaknaði fólkið almennt hresst og sólin var að byrja að skína. Sumir höfðu þurrkað plögginn í gömlu fjárhúsi og staðurinn var fallegur þegar góða veðrið var komið. Svo var haldið út Bæjarvoginn á ný, að Klakkey, austur með henni og í Hrappsey, þar sem Hafþór sýndi okkur anorthosít stein sem mun djúpborg af 20-30 km dýpi og finnst aðeins þarna og á tunglinu! Þar var pása í sólskinu, logni og hita. Þaðan fóru allir saman yfir röstina inn að Hagaey, þar sem við hittum Rifgirðingarbónda sem vildi forvitnast um ferðalanga. Svo var siglt inn straumana að Tvíhryningsleið, og örn flaug upp rétt hjá hópnum. Lent var norðaustast á Hagaey, þar sem var góð pása þar sem hægt var að sitja hátt og horfa yfir eyjarnar og straumana, sérstaklega Tvíhrynninginn sem er með klettum sem brýtur á í miðju og þungum dyn og Breiðasundið skoðað ofan af háeyjunni, ásamt Kjóey og Norðurey. Við töldum okkur leggja af stað nálægt liggjandanum en þarna munar um einni og hálfri klst á Stykkishólmi og við rerum í allnokkrum straumi og iðuköstum niður í röstina og svo út hana. Einum ferðalanga hvoldi en náðist strax inn aftur og æfing, góð aðstoð og góður búnaður sagði til sín. Þetta var gaman í góðum hópnum og mikil reynsla og talsverð áreynsla líka. Svo var haldið inn í Hrappsvog á Purkey og í kvöldgrillið og kvöldvöku með hefðbundnu atriði sögulegs fróðleiks. Sólarlagið var flott, matur og drykkur með besta móti og félagsskapurinn gat tæpast verið betri.

Næsta morgun var veðrið ekki síðra þegar árla dags var haldið út Bæjarvoginn aftur og nú komust menn siglandi eða rétt svo yfir álana út í rúmsjó. Farið var inn í Eiríksvog á Klakkeyjum og svo upp að Arney og inn með henni að austan að Fremri-Langey á frábæran stað móti sólu fyrir langt hádegishlé. Svo var haldið heim í Kvennhólsvog (örn nr. 2 eða 4 á leiðinni). Sumir enduðu í Sælingsdalslaug. Sveinn Axel var róðrarstjóri og Reynir Tómas fararstjóri. Alls voru farnir um 48 km. Það kom vel í ljós í þessum róðri hvað öryggisstefnan og róðrarstjórn virka vel með vönum ræðurum, og hve talstöðvarnar eru mikilvæg tæki þegar stór hópur ræðara ferðast saman.

14. ágúst – Hvítá frá Brattholti „Old boys“.



Umsjón Guðmundur Jón Björgvinsson

Mætt var að venju við Drumboddsstaði og róin hefbundin leið frá Brattholti niður Hvítá með viðkomu í Öldunni. Jói Kojak stjórnaði ferðini og mættu nokkrir hressir ræðarar með honum en ferðin hefur oft verið fjömennari.



20.-22. ágúst – Langisjór.



Umsjón Gísli H. Friðgeirsson

Aflýsa þurfti ferðinni vegna veðurs.

Veðurstöðvar á svæðinu sýndu N-átt 10-15 m/s á laugardeginum.

Aðrir róðrar

Félagsmenn voru eins og síðustu ár duglegir að stunda sportið, sumir sem róa 500-1000 km á ári. Fyrir utan hefbundna vikulega félagsróðra, og æfingaróðra á þriðjudögum, þá fór 20 manna hópur vestur í Reykjanes í vorhitting ísfirðinga og sóttu þar veltu námskeið hjá Helen Wilson. Helmingi minni hópur mætti í hausthittinginn þar sem einstök röst var í boði undan brúnni í Reykjafirðinum. Nokkrir heimsóttu austfirðingana á Eirík rauða þar sem Dan Henderson og Dubside voru aðalhetjurnar. Þá byrjaði Magnús Sigurjónsson hringróðurinn sinn og nokkrir félagar fylgdu honum í nokkra daga í senn, voru með til að passa uppá hinn hringfarann John Peavler. Tvö BCU 4 Star Leader námskeið voru haldin á árinu, og undirbúningur fyrir námskeiðin fór fram allt árið m.a. í öldurótinu í Grindavík, Sandvík og Gróttu.

Gísli H. Friðgeirsson

Ræðarar ársins 2010 voru tilnefndir í lok árs.

Kvennaflokkur: Ragna Þórunn Ragnarsdóttir. Ragna Þórunn vann Íslandsmeistaramótið í straumkayak árið 2010 með sannfærandi hætti með því að ná þeim eftirtektarverða árangri að sigra í öllum keppnum sumarsins. Hún er því vel að viðurkenningunni komin og er öðrum iðkendum góð fyrirmynd.

Karlaflokkur: Ragnar Karl Gústafsson. Ragnar Karl er Íslandsmeistari í straumkayak síðastliðin tvö ár og hefur hefur með því sýnt að hann er með allra öflugustu ræðurum landsins um þessar mundir og er íþróttinni til sóma í hvívetna.

Þeim er óskað innilega til hamingju með árangurinn á árinu.

Páll Gestsson